

Reykjavík, 15. nóvember 2013
Fundargerð 126. fundar.

Tilvísun: 00060002

Föstudaginn 15. nóvember 2013 var haldinn 126. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 08.00.

Viðstaddir voru Jón Gnarr, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Gunnar Einarsson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir og Haraldur Sverrisson.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, Birgir Finnsson, vara-slökkviliðsstjóri og S. Björn Blöndal frá Reykjavíkurborg. Auk þess sat fundinn undir lið 1. Anton B. Markússon hrl., lögfræðingur SHS.

Fundarstjóri var Jón Gnarr, formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Samningur við Sjúkratryggingar Íslands vegna sjúkraflutninga

Farið yfir framvindu mála frá síðasta stjórnarfund. Anton, lögfræðingur SHS, fór yfir stöðu mála vegna væntanlegra verkloka og innheimtu vegna sjúkraflutningana.

Afgreiðsla: Slökkviliðsstjóra falin innheimta vegna sjúkraflutninga. Í framhaldi verður heilbrigðisráðherra sent bréf um framkvæmd verkloka, þar sem jafnframt verður skorað er á ráðuneytið að greiða skuld ríkisins fyrir árin 2012 og 2013. Stjórnin áréttar þá skoðun sína að heildarhagsmunum sé best þjónað með samrekstri slökkviliðs og sjúkraflutninga.

2. Níu mánaða uppgjör

Slökkviliðsstjóri kynnti árshlutareikning SHS samstæðunnar fyrir janúar – september 2013.

Eftirfarandi lagt fram:

- SHS samstæðan, níu mánaða uppgjör 2013, ódagsett.

Afgreiðsla: Engar athugasemdir gerðar. Slökkviliðsstjóra falið að fara yfir möguleika á því að bregðast við óvissunni vegna tekna fyrir sjúkraflutningana.


3. Gjaldskrá SHS 2014

Gjaldskrá SHS fyrir árið 2014 borin upp til samþykkis.

Eftirfarandi lagt fram:

- Gjaldskrá SHS 2014, dags. 15. nóvember 2013.
- Bréf til sveitarfélaga; Ósk um samþykki gjaldskrár, dags. 15. nóvember 2013.

Afgreiðsla: Stjórn SHS samþykkir gjaldskrá SHS 2014 og vísar henni til aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar.


185

4. Útboð á endurskoðun

Niðurstaða útboðs Reykjavíkurborgar á ytri endurskoðun samstæðu borgarinnar borin upp til samþykkis. Lægsta tilboð barst frá KPMG.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf frá borgarritara; Sameiginlegt útboð um kaup á þjónustu vegna ytri endurskoðunar samstæðu Reykjavíkurborgar, dags. 5. nóvember 2013.

Afgreiðsla: Ráðning KPMG sem endurskoðendur fyrirtæki SHS fyrir reikningsskil árána 2013 til og með 2017 samþykkt.

5. Lánasjóður sveitarfélaga

Umfjöllun um niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur um ólöglegt gengistryggt lán sveitarfélagsins Skagafjarðar hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað Forum lögmanna, dags. 14. nóvember 2013.

Afgreiðsla: Kynning.

6. Önnur mál

6.1 Kynning á sjúkraflutningum.

Rætt um möguleika á því að kynna sjúkraflutningaþjónustu SHS fyrir þingmönnum þjónustusvæðisins.

Afgreiðsla: Slökkviliðsstjóri mun boða til kynningarfundar.

6.2 Pappírslaus samskipti.

Rætt hvort ekki sé rétt að SHS stefni að því að taka upp pappírslaus samskipti þar sem því verður við komið, þ.m.t. á stjórnarfundum.

Afgreiðsla: Slökkviliðsstjóra falið að sjá til þess að þessar breytingar gangi eftir frá og með 1. janúar 2014.

Næsti fundur verður föstudaginn 17. janúar 2014 kl. 08.00.


Fundi slitið klukkan 09.30.




Fylgiskjöl:

- SHS samstæðan, níu mánaða uppgjör 2013, ódagsett.
- Gjaldskrá SHS 2014, dags. 15. nóvember 2013.
- Bréf til sveitarfélaga; Ósk um samþykki gjaldskrár, dags. 15. nóvember 2013.
- Bréf frá borgarritara; Sameiginlegt útböð um kaup á þjónustu vegna ytri endurskoðunar samstæðu Reykjavíkurborgar, dags. 5. nóvember 2013.


Reykjavík, 15. nóvember 2013




Jón Gnarr




Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir




Gunnar Einarsson



Ármann Kr. Einarsson



Ásgerður Halldórsdóttir



Haraldur Sverrisson